7031 0000 953 07.07.2005

Reykjavíkurborg
Skipulagsfulltrúi

Málnr. 2005090003

Reykjavík 22.06.05

**Tillaga að breytingu á skilmálum deiliskipulags**
**"Fossvogshverfi"**
**Sem samþykktir voru í borgarráði 06.02.68**

Höfundur deiliskipulagsins er teiknistofa borgarverkfræðings í Héðinshöfða, Karl Erik Rocksén og Haukur Viktorsson.

Breytingin felst í því að bætt er inn texta í skilmála varðandi svalalokanir, ekki er minnst á leyfilegar breytingar á svölum í gildandi deiliskipulagi. Ástæða breytingarinnar er sú að íbúar hverfisins hafa haft áhuga á að loka svölum og hefur það að óbreyttu í för með sér deiliskipulagsbreytingu í hvert sinn sem það er gert.

**Tillaga að texta í skilmálum er svohljóðandi:**

**Leyfilegt er að loka svölum á raðhúsum og fjölbýlishúsum að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:**

Umsóknir um svalalokanir skulu koma til umfjöllunar til skipulags- og byggingarsviðs. Yfirbragð þeirra skal vera létt og útfærsla falla vel að formi og útliti húss. Framkvæmdin skal uppfylla öll skilyrði byggingarreglugerðar auk laga um fjöleignarhús um samþykki meðeigenda.

samþ. í borgarráði 7. júlí 2005
MKK

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 var samþykkt í SKIPULAGSRÁÐI þann 31. ágúst 2005

Tillagan var auglýst frá 18. júlí 2005 með athugasemdafresti til 27. ágúst 2005.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann ________ 200_.

Helga Bragadóttir


Skipulags- og byggingarsvið
Borgartúni 3 - 105 Reykjavík - Kt 650102-4790 - Sími 563-2340 - Bréfsími 562-3219 - Netfang skipulag@rvk.is